

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar —Júní 2021

## Skráð atvinnuleysi í júní var 7,4% og minnkaði talsvert eða um 1,7 prósentustig frá því í maí

Skráð atvinnuleysi var 7,4% í júní og minnkaði talsvert frá maí eða úr 9,1%. Alls fækkaði atvinnulausum að meðaltali um 3.062 eða um 18% frá maímánuði. Atvinnuleysi var 10,4% í apríl, 11,0% í mars, 11,4% í febrúar og 11,6% í janúar 2021.

Atvinnulausir voru alls 14.316 í lok júní, 7.528 karlar og 6.788 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 1.862 frá maílokum og atvinnulausum konum fækkaði um 1.445. Af þeim 3.307 atvinnulausu sem fækkaði á atvinnuleysisráð í júní fóru ca. 1.360 á ráðningarstyrk.

Vinnumálastofnun greiddi eingreiðslu til um 3.600 atvinnuleitenda sem höfðu verið á atvinnuleysisráð í 14

mánuði eða lengur þann 1.maí. Nam heildargreiðslan um 355 milljónum.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum eða 13,7% og minnkaði úr 18,7% í maí. Næst mest var atvinnuleysið 7,9% á höfuðborgarsvæðinu og lækkaði úr 9,4% frá því í maí.


Hlutabótaleiðinni sem í boði var frá mars 2020 lauk í lok maí 2021. Alls fengu rúmlega 6.700 atvinnurekendur um 28 milljarða styrk vegna ríflega 36.500 starfsmanna.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi minnki áfram í júlí m.a. vegna sérstakra atvinnuátaka stjórnvalda og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu og verði á bilinu 6,3% til 6,8%.

Alls höfðu 5.818 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní og fækkaði um 612 frá maí. Hins vegar voru þeir 2.700 í júnílok 2020. Gera má ráð fyrir því að fjöldi þeirra sem hafa verið án atvinnu í yfir 12 mánuði muni fara minnkandi næstu mánuði.

Alls komu inn 1.854 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf eða 510 störf. Flest auglýstra starfa eru

Þróun atvinnuleysis júlí 2020 til júní 2021



átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 90%, önnur teljast almenn störf.

Í júní gaf Vinnumálastofnun út 197 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi.


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 28 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júní 2021 með samtals 153 starfsmenn.

### Atvinnuástand eftir svæðum


Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum eða 13,7% og minnkaði úr 18,7% í maí. Næst mest var atvinnuleysið 7,9% á höfuðborgarsvæðinu og lækkaði úr 9,4% frá því í maí. Minnst var atvinnuleysi í júní á Norðurlandi vestra, 2,3%, Vestfjörðum 2,6% og á Austurlandi 2,8%. Mest dró úr atvinnuleysi á Suðurlandi eða um 30% að jafnaði. Minnst dró úr atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu eða um 14%. Á landsbyggðinni í heild minnkaði atvinnuleysi um 25%.

Á Suðurnesjum, Austurlandi Norðurlandi eystra og Vesturlandi minnkaði atvinnuleysi að jafnaði um 25% milli mánaða.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landssvæðum í maí og júní.



Atvinnuleysi er hærra meðal kvenna en karla alls staðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem hlutfall atvinnuleysis er það sama hjá báðum kynjum eða 7,9% og á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla er 0,1 prósentustigi hærra en kvenna. Á Suðurnesjum er atvinnuleysið mun meira meðal kvenna en karla, eða




16,6% alls hjá konum og 11,9% hjá körlum. Álíka fækkun var á milli mánaða hjá körlum og konum eða um 19% hjá körlum og 17% konum. Mesta hlutfallslega fækkun atvinnulausra var hjá körlum á Suðurlandi eða um 32% fækkun milli mánaða og um 29% fækkun meðal atvinnulausra kvenna sömuleiðis á Suðurlandi. Minnsta fækkunin var á höfuðborgarsvæðinu eða um 15% fækkun hjá körlum og 13% hjá konum.

### Fækkun atvinnulausra eftir sveitarfélögum

Mesta hlutfallslega fækkun atvinnulausra var í Skútustaðahreppi í júní eða um 63% þar sem fjöldi atvinnulausra fór úr 27 í lok maí í 10 í lok júní. Einnig var mikil fækkun atvinnulausra í sveitarfélaginu Hornafirði (-50%), úr 153 í lok maí í 77 í lok júní. Önnur sveitarfélög þar sem mesta fækkun atvinnulausra var í júní eru: Skaftárhreppur og

Grundarfjarðarbær (-47%), Mýrdalshreppur (-46%), Bláskógabyggð (-45%). Myndin að neðan sýnir hvar mesta fækkun atvinnulausra var í júní.



### Greining atvinnuleysis

## Greining þeirra sem voru atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru alls 14.316 í lok júní, 7.528 karlar og 6.788 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 1.862 frá maílokum og atvinnulausum konum fækkaði um 1.445.

Alls voru 1.414 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok júní og hefur þeim fækkað um 436 frá maí 2021 eða um 24% en fækkaði um 549 frá júní 2020 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldersbili var 1.963.

### Lengd á skrá

Alls höfðu 5.818 almennir atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní og fækkaði um 612 frá maí. Hins vegar voru þeir 2.700 í júnílok 2020. Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði talsvert frá maí eða um 1.784 og voru 4.305 í lok júní en 6.089 í lok maí. Í júní 2020 var þessi fjöldi 3.273.

### Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fækkaði í öllum atvinnugreinum í júní 2021 frá mánuðinum á undan, mest í ferðatengdri starfsemi (ferðapjónustu ýmiss konar, gistiþjónustu og farþegaflutningum) eða á bilinu 26% til 37%. Munar þar langmestu afnám samkomutakmarkana, rýmka á landamærum og í kjölfar mikillar aukningar ferðamanna frá útlöndum svo og ferðalaga Íslendinga innanlands. Einnig fækkaði atvinnulausum talsvert í menningartengdri starfsemi af sömu ástæðu þ.e. afnám samkomutakmarkana eða um 21% milli mánaða.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði atvinnulausum frá maílokum mest við þjónustustörf eða um 23%, við skrifstofustörf um 21%, um 19% meðal sérmenntaðra, um 18% meðal verkafólks og minna meðal annarra starfsstétta. Þegar tölur eru bornar saman milli ára er fækkun atvinnulausra frá júní 2020 mest í þjónustustörfum og meðal vélafólks um 17% og um 15% meðal verkafólks. Hins vegar fjölga atvinnulausum um 15% meðal skrifstofufólks milli ára.

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 5.704 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júní og fækkaði um 1.361 frá maí. Mesta hlutfallslega fækkun atvinnulausra frá maí var meðal atvinnulausra erlendra ríkisborgara í ferðatengdri starfsemi ýmiss konar eða um 25%. Einnig í gistinga- og veitingagreinum, flutningastarfsemi og í ýmiss konar þjónustu. Þessi fjöldi samsvarar um 16,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.


Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá er nú um 40%.




Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.749 sem er um

48% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júní 2021



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júní 2021



## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

### Atvinnuleyfi

Í júní gaf Vinnumálastofnun út 197 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 92 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 105 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júní hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi eða 69 leyfi. Þá voru gefin út 53 námsmannaleyfi og 25 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júní voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 49%. Um 27% vegna sölu- og afgreiðslustarfa og 13% vegna starfa verkafólks. Um 11% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

### Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 28 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júní 2021 með samtals 153 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 353 í júní á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 54%, 18% frá Litháen og 17% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 11% starfsmanna komu frá sex öðrum ríkjum.

### Atvinnuleit og vinnumiðlun

## Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júní voru gefin út 295 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 177 einstaklingar, 35 fóru til Litháen og 10 til bæði Spánnar og Lettlands. Þá voru gefin út 63 vottorð til viðbótar til 15 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júní 2021



## Vinnumiðlun

# Auglýst störf í vinnumiðlun í júní

Alls komu inn 1.854 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf eða 510 störf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 90%, önnur teljast almenn störf. Um það bil 52% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 17% á Suðurnesjum og 16% á Suðurlandi. Þá eru 15% annars staðar á landinu.

Um 1.357 ráðningarsamningar voru gerðir í júní í áttakinu Hefjum störf. Hægt er að skoða fjölda auglýstra starfa og ráðningar í áttakinu Hefjum störf ef smelt er á eftirfarandi hlekk:

<https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplysingar/maelabord-hefjum-storf>

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	510	28%
Þjónustustörf	470	25%
Afgreiðslustörf	155	8%
Iðnaðarmenn	221	12%
Verkaþólk í þjónustu	485	26%
Verkaþólk í iðnaði, landb. o.fl.	13	1%
<b>Samtals</b>	<b>1.854</b>	<b>100%</b>

## Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Vinnumálastofnun leggur mikla áherslu á að halda fólki í virkni enda sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess. Allar þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á námskeið af ýmsum toga í samstarfi við símenntunarstöðvar og aðra námskeiðshaldara. Þá stendur atvinnuleitendum til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur.

Í júní tóku 5.583 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Um 431 einstaklingur fór í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá fóru 326 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið en einnig fóru margir á önnur starfstengd námskeið. Þá voru 217 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 280 einstaklingar voru skráðir í úrræðið Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum bauðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í

júní unnu 55 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 4.237 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir á ráðningarstyrk innan fyrirtækja og stofnana.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í júní 2021



### Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysisstölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Þdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum